



Skipulagsnefnd – 17.08.2015

15. fundur

17. ágúst 2015 kl. 13:00-15:00

Fundarstaður: Hótel Reyhlið.

Fundarmenn:

Helgi Héðinsson, formaður

Birgir Steingrímsson

Guðrún Brynleifsdóttir

Margrét Hólm Valsdóttir

Selma Ásmundsdóttir

Starfsmenn:

Bjarni Reykjalin, skipulags- og byggingarfulltrúi

(fundarritari)

(í fjarveru Péturs Snæbjörnssonar)

Dagskrá:

1. *Vaðalda. Tillaga að deiliskipulagi vegna smávirkjunar.*
2. *Hótel Reykjahlíð. Breyting á aðal- og deiliskipulagi*
3. *Vogar 1. Deiliskipulag*
4. *Kröfluvirkjun. Umsókn um framkvæmdaleyfi.*

1. **Vaðalda. Tillaga að deiliskipulagi og umsókn um framkvæmdaleyfi** S20150601

Tekið fyrir að nýju erindi frá Auði Andrésdóttur f.h. Neyðarlínunnar ohf þar sem óskað er eftir heimild skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 til að vinna deiliskipulag vegna 8-10 KW smávirkjunar við Vaðöldu skv. meðfylgjandi skipulagslýsingu dags. í júní 2015.

Neyðarlínan ohf. fyrirhugar að byggja litla heimarafstöð sunnan við Vaðöldu í Skútustaðahreppi. Samkvæmt ákvörðun Skipulagsstofnunar þarf að vinna deiliskipulag vegna þessa til að geta gefið út framkvæmda- og byggingarleyfi vegna framkvæmdarinnar, þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag af svæðinu.

umsagnaraðilum og hún kynnt fyrir almenningi eins og 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um. Athugasemda- og umsagnarfrestur var frá og með 9. júlí til og með 30. júlí s.l.

Umsagnir og/eða athugasemdir bárust frá eftirtöldum aðilum:

Forsætisráðuneytinu, Skipulagsstofnun, Vegagerðinni, Umhverfisstofnun (UST), og Hjörleifi Gottormssyni. Skipulagsstofnun og Vegagerðin gerðu ekki athugasemdir við lýsinguna. Athugasemdir bárust frá Vatnajökulsþjóðgarði og Landvernd eftir að umsagnarfresti lauk.

Forsætisráuneytið:

Ráðuneytið, eftir samráð við samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna, gerir þær athugasemdir að rétt sé að gera með ljósmyndum nánari grein fyrir aðkomuleið um Vaðöldu sem rafstreng er ætlað að liggja um. Þá þurfi að sýna aðstæður fyrir og eftir byggingu stíflunnar til að hægt sé að meta sjónræn áhrif bæði lónsins sem og stíflunnar sjálfrar.

Mikilvægt er að samráð verði haft við forsætisráðuneytið í skipulagsvinnunni sjálfri þar sem umrætt svæði er þjóðlenda og allar framkvæmdir og jarðrask sem varir lengur en í eitt ár eru háðar samþykki ráðuneytisins skv. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendum og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.

UST:

Umhverfisstofnun telur að það „sé gerð að mestu fullnægjandi grein fyrir framkvæmdinni og þeim áhrifum sem hún kann að hafa í för með sér“.

Hjörleifur Guttormsson (útdráttur):

„Hér er um stórt mála að ræða, sem reynt er að klæða í sakleysislegan búning og gera sem minnst úr fyrirhugaðri framkvæmd. Um er að ræða mannvirki í „ósnortnu víðerni“. Eigi það hugtak við á Íslandi þá er það hvergi fremur en hér. Svartá með umhverfi sínu og fossinum Skínanda er stórbrotinn staður sem á sér fáa ef nokkra líka héraendis. Að reisa mannvirki í slíku umhverfi er stórmál þótt kallað sé „heimarafstöð“, og því vafamál að fella beri það undir það lagaumhverfi sem vísað er til í skýrslu Mannvits frá júní 2015, sbr. tölulið 5. Gagnrýnivert er að í auglýsingu sveitarstjórnar er ekki vísað til þeirrar skýrslu, sem er þannig eins konar feluplagg.“

Engin grein er í umræddum gögnum gerð fyrir öðrum úrræðum en „heimarafstöð“ í Svartá til að knýja umræddan búnað á Vaðöldu. Koma þar fyrst upp í hugann sólarcellur sem eðlilegasta úrræði, en einnig vindorka. **Vatnsaflsvirkjun með tilheyrandi raski og mannvirkjum í ósnortnu umhverfi á ekki að koma til greina við þessar aðstæður.** Á meðan ítarleg greining hér að lútandi ekki liggur fyrir er óráð að hefja kynningu á skipulagi á þessum stað.“

Minjastofnun:

„Í tilkynningunni og skipulagslýsingu eru fornleifar ekki á meðal þeirra umhverfisþátta sem helst eru taldir geta orðið fyrir áhrifum af framkvæmdinni. Fornleifar hafa ekki verið skráðar á þessu svæði og því ómögulegt að fullyrða að þar séu engar fornleifar. Framkvæmdasvæðið er í um 650 m hæð yfir sjávarmáli og því minni líkur á að þar finnist fornleifar en í byggð.“

BR.
H.H.

Minjastofnun Íslands telur engu að síður að fá þurfi fornleifafræðing til að skoða fyrirhugað framkvæmdasvæði og skrá fornleifar ef þær er þar að finna“.

Skipulagsnefnd bendir á, vegna framkominna athugasemda, að á þessu stigi er einungis til umfjöllunar lýsing vegna fyrirhugaðs deiliskipulags eins. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sem hér fer á eftir, kveður á um.

„Þegar vinna við gerð deiliskipulagstillögu hefst skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem fram kemur hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við deiliskipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirbyggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum“.

Í umhverfisskýrslu væntanlegrar deiliskipulagstillögu mun verða gerður samanburður á þeim raforkukostum sem til greina koma og niðurstöður úr því vali munu verða rökstuddar og jafnframt verða gerðar tillögur að hugsanlegum mótvægisaðgerðum ef þess verður talin þörf.

Áður en tillaga að deiliskipulagi er tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn skal tillagan, forsendur hennar og umhverfismat kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Skal kynningin auglýst með áberandi hætti (4. mgr. 40. gr. skipulagslög nr. 123/2010).

Þegar sveitarstjórn hefur samþykkt að auglýsa tillöguna skal hún auglýst á áberandi hátt þar sem þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn a.m.k. sex vikna frestur til að koma athugasemdum við tillöguna á framfæri.

Sveitarstjórn mun síðar taka ákvörðun um matsskyldu fyrirhugaðrar framkvæmdar við afgreiðslu deiliskipulagsins, áður en hugsanlegt framkvæmdaleyfi verður gefið út.

Skipulagsnefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa að koma umsögnum og/eða athugasemdum á framfæri við skipulagsráðgjafa með ósk um að tekið verði tillit til þeirra við gerð deiliskipulagstillögunnar eins og kostur er. Sérstaklega verði könnuð önnur staðsetning og aðrir virkjunarkostir sem hafi minni umhverfisáhrif en vatnsaflsvirkjun m.t.t. þeirra athugasemda sem borist hafa frá Vatnajökulspjóðgarði og Landvernd. Tillagan verði síðan tekin til umfjöllunar á ný í skipulagsnefnd áður en hún, forsendur hennar og umhverfismat, ef við á, verður kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum eins og skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um.

2. Hótel Reykjahlíð. Breyting á aðal- og deiliskipulagi.

S20150403

Tekið fyrir að nýju en málið var síðast á dagskrá nefndarinnar 20. maí s.l. en á þeim fundi var samþykkt að lagt yrði til við sveitarstjórn að kynna skipulagslýsingu skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssyni og félögum ehf vegna breytinga á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps. Nefndin gerði þann fyrirvara á samþykkt sinni að leyfi landeigenda þyrfti að liggja fyrir áður en lýsingin yrði kynnt. Þegar umrætt samþykki lá fyrir var leitað umsagnar um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og hún

J.R.

H.H.

kynnt fyrir almenningi eins og 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um. Athugasemda- og umsagnarfrestur var frá og með 4. júlí til og með 25. júlí s.l.

Umsagnir og/eða athugasemdir bárust frá eftirtöldum aðilum:

Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun (UST), Minjastofnun, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystar (HNE), Vegagerðinni, Guðrúnu M. Valgeirsdóttur, Ólafi H. Jónssyni f.h. Reykjaliðar III, Sigfúsi Illugasyni og Elísabetu Sigurðardóttir og Ragnari Davíð Baldvínssyni.

Skipulagsstofnun:

Gerir hvorki athugasemdir við við lýsingu á skipulagsverkefni nér áherslur í umhverfismati.

UST:

1. Hótel Reykjahlíð er staðsett innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár en allar framkvæmdir innan þess eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar sbr. lög um um verndun Mývatns og Laxár nr. 97/2004.
2. Að mati Umhverfisstofnunar kann áætlun um stækkun hótels svo nærri vatni með því raski er fylgir byggingarframkvæmdum að hafa neikvæð áhrif á verndargildi bakka Mývatns og það lífríki er lögum nr. 97/2004 er ætlað að vernda. Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að vistfræðilegu þoli svæðisins verði ekki stefnt í hættu.
3. Að mati stofnunarinnar þarf að sýna fram á það hvernig fyrirhuguð stækkun samrýmist þeim markmiðum sem sett eru fram í lögum og reglugerðum um Mývatn og Laxá og verndaráætlun svæðisins. Svæðið hefur verið á rauðum lista stofnunarinnar frá árinu 2012 m.a. vegna mikils ágangs ferðamanna og næringarefnaauðgunar í vatninu. Tryggja þarf að vatnsgæði Mývatns rýrni ekki umfram það sem nú þegar er orðið. Umhverfisstofnun bendir á að frárennismál núverandi hótels eru ekki fullnægjandi. Áður en hugað er að frekari stækkun þurfa að koma fram tímasett markmið um að uppfæra fráveitumál svo þau standist þær reglugerðir sem farið hefur verið yfir hér að framan. Ekki þarf að hafa fleiri orð um mikilvægi Mývatns á lands- og heimsvísu enda hefur svæðið að geyma viðkvæm vistkerfi, gróðursvæði og jarðmyndanir sem sátt er um að vernda til framtíðar.

Minjastofnun:

Fram kemur í greinargerð skipulagslýsingarinnar að minjar eru nálægt hótelinu og gætu verið innan skipulagssvæðisins, en nákvæm afmörkun þess kemur ekki fram í skipulagslýsingunni. Minnt er á að Minjastofnun gerir kröfu um að fornleifaskráning vegna deiliskipulags uppfylli þá staðla sem stofnunin hefur. Þá er einkar mikilvægt að útlínur skráðra minja verði settar inn á skipulagsuppdráttinn, þannig að auðvelt sé að gera sér grein fyrir umfangi þeirra og hvort þeim stafi hætta af fyrirhuguðum framkvæmdum.

B.R.

H.A.

HNE

HNE bendir á að inn í kaflann "lög og reglugerðir um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu", vantar að geta reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Laxár og Mývatns í Suður-Þingeyjarsýslu. Í 24. gr. segir:

"Skólp á vatnasviðinu skal hreinsað með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa í samræmi við ákvæði 2. mgr. 7. gr. reglugerðar um fráveitur og skólp".

Bent skal á í þessu sambandi á reglugerð nr. 450/2009 um breytingu á reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999, en þar koma fram kröfur vegna "ítarlegri hreinsun skólps"

Vegagerðin:

Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við skipulagslýsinguna en óskar eftir samráði um tengingu að hótellóðinni þegar kemur að vinnu við gerð deiliskipulags.

Guðrún M. Valgeirsdóttir:

„Fyrirhuguð breyting vegna stækkunar á Hótel Reykjahlíð mun skerða að verulegu leyti útsýni frá íbúðarhúsi að Reykjahlíð 1 til vatnsins og þar með a.m.m. rýra verðgildi þeirrar faseignar frá því sem nú er.

Í greinargerð Aðalskipulags Skútustaðahrepps 2011-2023, bls. 22 kemur fram stefna og leiðarljós sveitastjórnar vegna aðalskipulagsins, þar segir m.a. um byggðapróun og byggðamynstur „Vatnsmegin vegarins umhverfis Mývatn skal spornað við frekari nýbyggingum öðrum en þeim sem tengjast bæjar- og húsabyrpingum sem þar eru fyrir“. Vissulega er hús til staðar, en að áætlanir skuli gera ráð fyrir 2000 m², stækkun á þeirri byggingu 30-40 m. frá bakka Mývatns sætir undrun svo ekki sé fastar að orði kveðið“.

Ólafur H. Jónsson, f.h. Reykjahlíðar III:

„Hvaða forsendur hafa breyst frá þessari ákvörðun skipulagsnefndar nú á vordögum 2015, sem var svo samþykkt af sveitastjórn Skútustaðahrepps? Hér eru hlutir að gerast sem ekki ganga upp að mínu mati. Og nú er farið fram á stækkun hótelsins bæði til suðurs og norðurs samtals um 2000m² og að lóðin muni stækka úr 0.59ha í 0,81ha? Hvar liggur sú staðfesting viðkomandi landeigenda fyrir, að lóðin muni og eigi eftir að stækka úr 0.59ha í 0,81ha? Er verið að auglýsa eitthvað sem ekki stenst? Er möguleiki á að auglýsa einhverja hluti sem ekki liggja fyrir? Fyrr má nú rota en dauðrota varðandi aukningu á byggingarmagni. Óskað er eftir rökstuddum svörum við ofangreindum atriðum.

Þessi breyting á aðalskipulagi er ekki í samræmi við stefnu sveitastjórnar þ.e. að svo mikið byggingarmagn sé eða verði leyft á núverandi og „hugsanlegri,, lóð Hótel Reykjahlíðar. Um allt annað mál væri að ræða ef óskað er/væri eftir byggingu íbúðarhúsnæðis eiganda vestan þjóðveggar, en að svona stór bygging verði leyfð, getur varla samrýmst því sem sveitastjórn hefur sett sér sem stefnu vestan þjóðveggar, þ.e.vatnsmegin. Er verið að mismuna landeigendum í sveitinni vestan þjóðveggar eða er þetta ný stefna sveitastjórnar án þess að

BR.
H.F.

aðrir landeigendur hringinn í kringum Mývatn hafi fengið vitneskju um slíka breytingu? Óskað er eftir rökstuddum svörum um ofangreint“.

Sigfús Illugason:

„Endinn á gamla Vallargarðinum er rétt NA af fjósinu (meira en 100 ára gamall!!) og fór undir fyllingu 1966-1967.

Ég mótmæli því að að sé verið sé að byggja nánast á vatnsbakkanum. Það á ekki meira en eina hæð ofan á kjallara. Það er slæmt að byrgja sýn út á Mývatn eins og verður ef allt verður fullnýtt...“

Elisabet Sigurðardóttir og Ragnar Davíð Baldvinsson:

„Við undirrituð erum íbúar í Reykjahlíð 4 og viljum koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum vegna "Breytingar á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 - Skipulagslýsing - Stækkun á Hótel Reykjahlíð".

Það að hámarkshæð nýbyggingar miðist við hæð núverandi byggingar er að okkar mati of mikil hæð á byggingum sem standa svo nálægt vatninu þar sem það skapast af því mikil sjónmengun og spillir útsýni frá íbúðarhúsunum Reykjahlíð 1 og 4. Einnig spillir það útsýni frá vegi og gangstígum sem liggja meðfram veginum.

Varðandi lið 6 þá þykir okkur einkennileg sú staðhæfing að framkvæmdir innan skipulagssvæðisins séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Án þess að vita nákvæmlega hverjar áformaðar framkvæmdir eru þá hlýtur stækkun hótelsins, með tilheyrandi raski og auknum gestafjölda, að hafa umtalsverð áhrif á umhverfið við vatnið vegna nálægðarinnar“.

Skipulagsnefnd samþykkir að gerð verði tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps í þá veru sem fram kemur í skipulagslýsingunni.

Nefndin felur skipulags- og byggingarfulltrúa að koma umsögnum og/eða athugasemdum á framfæri við skipulagsráðgjafa með ósk um að tekið verði tillit til þeirra við gerð deiliskipulagstillögunnar. Nefndin leggst gegn því að farið verði út fyrir núverandi byggingarreit til suðurs og vesturs og viðbyggingar verði ekki hærri en tvær hæðir miðað við núverandi byggingu. Sérstaklega verði kannað hvort mögulegt verði að hanna byggingarnar þannig að þær skerði útsýni frá byggðinni út á vatnið sem minnst. Einnig verði tryggt aðgengi almennings að vatnsbakkanum. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi að lokinni umfjöllun skipulagsnefndar verði síðan kynntar sameiginlega fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum eins og skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um áður en þær verða teknar til afgreiðslu í sveitarstjórn.

3. Vogar 1. Deiliskipulag.

S20150501

Tekið fyrir að nýju erindi dags 18. maí 2015 frá Ólöfu Þ. Hallgrímsdóttur f.h. landeigenda Voga 1 þar sem þeir óska eftir heimild sveitarstjórnar til að láta vinna deiliskipulag á jörðinni

Ó.Þ.
A.A.

á sinn kostnað skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Gerð er grein fyrir viðfangsefnum deiliskipulagsins og helstu forsendum þess í meðfylgjandi deiliskipulagslýsingu frá Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssyni og félagum ehf. dags. 18. maí 2015.

Skipulagsnefnd samþykkti á fundi sínum 21. maí s.l. að heimila umsækjanda að vinna deiliskipulag á sinn kostnað skv. umræddri skipulagslýsingu og var leitað umsagnar um hana hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og hún kynnt fyrir almenningi eins og 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um. Athugasemda- og umsagnarfrestur var frá og með 4. júní til og með 25. júní s.l.

Umsagnir/athugasemdir bárust frá eftirtöldum aðilum:

Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun (UST), Minjastofnun, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystar (HNE), Vegagerðinni, Guðna Rúnari Helgasyni og Þórhalli Kristjánssyni.

Skipulagsstofnun:

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og gerir hvorki athugasemdir við framlagða lýsingu né hvernig staðið verði að umhverfismati tillögunnar, en bendir á eftirfarandi atriði sem hafa þarf hliðsjón af við vinnslu deiliskipulagsins:

- Að mati Skipulagsstofnunar eru fyrirhugaðar framkvæmdir, eins og þeim er lýst, ekki tilkynningarskyldar skv. lið 12.05 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Gera þarf grein fyrir umhverfisáhrifum deiliskipulagsins sbr. kröfur skipulagsreglugerðar.
- Auk umsagnaraðila sem tilgreindir eru í lýsingu þarf að leita umsagnar Skógræktar ríkisins. Minnt er á að ekkert svæði má rjóðurfella nema með samþykki skógræktarstjóra sbr. lög um skógrækt.
- Í Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 eru sett markmið og stefna um fallega og aðlaðandi byggð með góðri byggingarlist og að mannvirki séu felld að landi á smekklegan hátt með virðingu fyrir náttúrunni, sbr. kafla 3.3. og 4.1.3. og 4.13, sem taka þarf mið af við útfærslu deiliskipulagsins.

Umhverfisstofnun: (Útdráttur)

1. Hluti ofangreinds skipulagstillögunsvæðis er innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár, þ.e. innan 200 metra frá Mývatni. Í 17. gr reglugerðar um verndun Mývatns og Laxár nr. 665/2012 segir: „Sumarbústaðir, önnur frístundahús og hvers konar mannvirki sem þeim fylgja eru óheimil á verndarsvæðinu.“ Að mati Umhverfisstofnunar er þar af leiðandi ekki gert ráð fyrir að frístundabyggð innan verndarsvæðisins.
2. Skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 njóta hraun og hraunmyndanir sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Ofangreind lýsing á áætluðu deiliskipulagi gerir ráð fyrir að svæði vaxið grófu hrauni og vaxið birkikjarri verði ráðstafað fyrir gistihús og frístundabyggð. Að mati Umhverfisstofnunar þarf í tillögu að deiliskipulagi svæðisins að sýna hvernig forðast verður að raska hraunmyndunum.
3. Það er mat Umhverfisstofnunar að frístundabyggð í úfnu hrauni sem er vaxið birkikjarri rýri náttúruverndar- og útivistargildi svæðisins og því sé mikilvægt að rökstyðja þá áætlun að reisa frístundahús innan birkiskógarins eða ryðja birkikjarr og raska hrauni

B.R.
A.A.

vegna frístundabyggðar. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að leitast verði við að finna aðra staðsetningu fyrir frístundabyggð en svæði með grófu kjarri vöxnu hrauni.

4. Í umfjöllun um áhrifamat segir: „Deiliskipulagið fellur ekki undir lög um umhverfismat áætlana.“ Umhverfisstofnun bendir á að í gr. 12.05 í viðauka laga nr. 106/2000 m.s.br. segir að: „Þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á hálendi og á verndarsvæðum á láglandi utan þéttbýlis, orlofsþorp, hótél og tengdar framkvæmdir“, séu framkvæmdir í B flokk

Umhverfisstofnun telur að skipulagsáætlun sú sem lýsingin er um kunni að falla undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana, enda eru svæði með sérstakri vernd skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd talin verndarsvæði skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun leiðbeinir um hvort áætlanir falli undir lögina sbr. 3. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

5. Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn um tillögu að aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 – 2023 þann 7. desember 2012. Í umsögn sinni benti stofnunin á mikilvægi þess að frístundabyggð verði ekki skipulögð á svæðum þar sem eru náttúruminjar er falla undir 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, eða á svæðum þar sem eru náttúruminjar á náttúruminjaskrá.

Í lýsingu segir eftirfarandi í umfjöllun um áætlaða frístundabyggð í grófu hrauni : „Þeir landnotkunarreitir sem hér um ræðir og eru á eldhrauni eru skilgreindir í staðfestu aðalskipulagi sem gert var í samráði við Umhverfisstofnun.“ Umhverfisstofnun bendir á að umsögn var veitt þann 7. desember 2012 sjá ofangreint. Að mati Umhverfisstofnunar ætti fremur að segja í lýsingu að stofnunin hafi veitt umsögn um gildandi aðalskipulag er það var í vinnslu frekar en að segja að staðfest aðalskipulag hafi verið gert í samráði við stofnunina er landnotkunarreitir fyrir frístundabyggð voru skilgreindir í tillögu að aðalskipulagi, enda var ekki tekið tillit til umsagnar stofnunarinnar þar sem bent var á mikilvægi þess að frístundabyggð væri ekki skipulögð á náttúruminjasvæðum, við gerð aðalskipulagsins.

Minjastofnun:

„Samkvæmt greinargerð skipulagslýsingarinnar, þá eru fjórir minjastaðir skráðir á eða í grennd við skipulagssvæðið. Minnt skal á að fyrirliggiandi fornleifaskráning fullnægri ekki þeim stöðlum sem Minjastofnun Íslands hefur sett um fornleifaskráningu. Einkar mikilvegt er að útlínur og umfang minja í grennd við og á skipulagssvæðinu verði sett inn á skipulagsuppdráttinn, svo hægt sé að meta hvort minjarnar muni raskast vegna framkvæmdanna“.

HNE :

Gerir ekki athugasemdir við lýsinguna

Vegagerðin:

Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við skipulagslýsinguna, en leggur áherslu á við frekari vinnu við deiliskipulagið að tengingum við 848 Mývatnssveitarveg verði ekki fjölgað og notaðar verði tengingar við þjóðveginn sem fyrir eru.

BR.
H.A.

Guðni Rúnar Helgason:

Hann telur að eignarhald óljóst eignarhald yfir eignum Voga 1 og „þangað til búið er að dæma um eignarhald yfir byggingum Voga 1 þá verður allt skipulag þeim tengt byggt á sandi, ráðstöfun ákveðinna eigna og svæða verður því í besta falli tímabundin ráðstöfun“.

„.....Það skiptir mjög miklu máli varðandi skipulagið hvar vegurinn kemur til með að liggja inn á svæðið og hversu mikið ónæði verður af umferðinni um hann“.

Hann telur að huga þurfi einnig að dýralífi á svæðinu. „Það þyrftu nauðsynlega að fara fram athuganir á því hvort lífsskilyrði fugla komi til með að breytast í hrauninu. Fjöldmörg andar og rjúpnarþyrn nýta hraunið til hreiðurgerðar á hverju vori og yrðu miklar framkvæmdir, rask og ónæði ekki til að bæta lífsskilyrði þeirra í Vogum. Þessu ber að fylgja rétt eins og því spilla ekki landi, landslagi og gróðurfari. Þetta hefur að mínu mati td. breyst á svæðinu sem Jón Ingi deiliskipulagði (Birkiland) og nú hefur verið byggt á. Þar sést aðeins stöku fugl þar sem áður var mikið fuglalíf, á meðan liggur stanslaus umferð fugla upp í hraun Voga 1“.

Þórhallur Kristjánsson:

„Lóðir og útihús á þeim sem standa vestan Þjóðvegjar í Vogum og hér um ræðir, eru í sameign eigenda Voga 1 og Bjarkar og voru landskipti milli þeirra frá 2005 miðuð við það. Leita verður því samráðs og samþykkis allra eigenda svo skipulag taki gildi. Í öðru lagi bendi ég á að það er gjörsamlega fráleitt að gera ráð fyrir einhverri byggingu hér rétt vestan við íbúðarhús mitt og og hindra þannig hin mestu lífgæði sem fólgin eru í útsýni fram á vatnið með sínum hólum og flúðum. Hér er um að ræða stað þar sem fjárhús og hlaða voru tekin niður fyrir 60 árum síðan og engin þörf er á nokkurri byggingu þar. Ég leyfi mér að taka svo djúpt í árinna að þessi hugmynd er einhver svívörðilegasta aðför að hagsmunum mínum og einkalífi sem ég ímynda mér að geti hent mig. Ef þetta á að ganga eitthvað lengra mun ég færa frekari rök gegn þessu og berjast gegn slíkum yfirgangi til síðasta blóðdropa.“

Skipulagsnefnd bendir á að eignarhald á landi er ekki viðfangsefni deiliskipulagsins og er landeigendum í heild eða að hluta til heimilt að deiliskipuleggja á sínu landi í samræmi við ákvæði aðalskipulags. Framkvæmdir skv. samþykktu deiliskipulagi eru þó háðar samþykki allra landeigenda.

Nefndin felur skipulags- og byggingarfulltrúa að koma umsögnum og/eða athugasemdum við lýsinguna á framfæri við skipulagsráðgjafa með ósk um að tekið verði tillit til þeirra við gerð deiliskipulagstillögunnar eins og kostur er. Tillagan verði síðan tekin til umfjöllunar í skipulagsnefnd áður en hún og forsendur hennar verða kynntar íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum eins og skipulagslög nr. 123/2010 mæla um.

4. Kröfluvirkjun. Umsókn um framkvæmdaleyfi.

S20150801

Erindi dags 12. ágúst 2015 frá Einari Matthiesen, framkvæmdastjóra orkusviðs Landsvirkjunar, f.h. Landsvirkjunar þar sem þess er farið á leit við sveitarstjórn Skútstaðahrepps með tilvísan í 13.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að veitt verði framkvæmdaleyfi fyrir borun tveggja 1700-2000m háhitaborhola fyrir Kröflustöð á Kröflusvæðinu, K-41 og K-42. Tilgangurinn með borun holanna er að afla gufu fyrir Kröflustöð en það vantar sem svarar um 8MWe að stöðin keyri á fullum afköstum um 63MWe.

B.R.
H.H.

Önnur holan verður stefnuboruð undir vesturhlíða Kröflu frá borteig ofan Vítis en þar eru fyrir borholur K-34, K-36, K-38 og K-40. Hin holan verður stefnuboruð einnig undir vesturhlíðar Kröflu frá borteig holna K-15, K-32 og K-33. Ekki er þörf á vegagerð en mögulega þarf að stækka borteiga lítillega. Meðfylgjandi loftmynd sýnir áætlaða staðsetningu holanna.

Báðar borholur, K-41 og K-42, eru á stöðum sem skilgreindir eru sem iðnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi og deiliskipulagi sveitarfélagsins og innan núverandi vinnslusvæðis Kröflustöðvar.

Áætlað er að fyrirtækið Jarðboranir hf bori holurnar með jarðbornum Sleipni haustið 2015 eða sumarið 2016.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt og jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að gefa út framkvæmdaleyfið eins og lög og reglugerðir mæla fyrir um.

Fundi slitið.

Margrít Hilmarsdóttir

Helga H.

Selma Þanný Magnúsdóttir

Andri Snær Magnason

Þorgerður Þorvaldsdóttir